



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Fjármálaeftirlitið
B.t. Halldóru E. Ólafsdóttur/
Hjálmars S. Brynjólfssonar
Höfðatúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 12. maí 2014

Efni: Endurskoðun reglna um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 55/2000


Landssamtök lífeyrissjóða (LL) þakka fyrir veitt tækifæri til að yfirfara drög að nýjum reglum um ársreikninga lífeyrissjóða og koma á framfæri athugasemdum. Með bréfi þessu fylgir minnisblað, dags. 12. maí 2014, með umsögn samtakanna um drögin en í því eru umtalsverðar athugasemdir við tillögurnar. LL óska eftir að fá að kynna tillögur sínar á fundi.

LL leggja áherslu á að nýjar reglur um ársreikninga lífeyrissjóða verði unnar í samráði við starfsfólk og endurskoðendur sjóðanna. Þar liggur mikil þekking og áratuga reynsla á rekstri lífeyrissjóða og gerð uppgjöra. Á þessum lokaspretti væri mjög æskilegt og raunar telja fulltrúar lífeyrissjóða það nauðsynlegt að FME leiði saman fulltrúa lífeyrissjóða og sérfræðinga á sviði reikniskila til að yfirfara fyrirbyggjandi drög. Með þeim hætti fá aðilar færi á að gera skýra grein fyrir ábendingum sínum.

Með tölvupósti þann 8. apríl sl. til LL voru drögin send til umsagnar og óskað sérstaklega eftir afstöðu LL til eftirtalinna atriða. Að öðru leyti er vísað til hjálagðs minnisblaðs, dags. 12. maí 2014.

- a) Tilvísun til núgildandi ársreikningalaga.** LL telur tilvísun til ársreikningalaga vera eðlilega.
- b) Gangvirði.** LL gerir athugasemdir við tillögu um matsreglur fjármálagerninga og leggur fram breytingatillögu sem rakin er í hjálögðu minnisblaði.
- c) Ný uppsetning rekstrarreiknings og efnahagsreiknings.** LL gera athugasemd við þessa tillögu. Samtökin telja ekki rétt að áfallin skuldbinding komi inn í ársreikning þar sem annað eignamat er notað í tryggingafræðilegum athugunum sem er notuð við ákvörðun um lífeyri og réttindi. Þess í stað er lagt til að niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar verði sérstakt yfirlit í ársreikningi.
- d) Skýrari ákvæði um þóknanir vegna starfsemi lífeyrissjóða.** LL gerir athugasemdir við tillögu um ákvæði í reglum um þóknanir og leggur fram breytingatillögur sem raktar eru í minnisblaðinu.

Árétta ber sérstaklega sem fram kemur í umsögn um að LL telja alls óraunhæft að taka upp nýjar reglur fyrir árið 2014

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hjálagt:

1. Minnisblað Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 12. maí 2014, um drög að reglum um ársreikninga lífeyrissjóða sem send voru LL til umsagnar þann 8. apríl 2014.
2. Drög að reglum um ársreikninga lífeyrissjóða með breytingartillögum.